

Tillögur til lagabreytinga, lagðar fram á aðalfundi félagsins 10. maí 2022

1. grein	1. grein
Nafn félagsins er MS-félag Íslands (The MS-Society of Iceland). Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík. Félagið er aðili að Öryrkjabandalagi Íslands (ÖBÍ) svo og alþjóðlegum samtökum MS-félaga.	Nafn félagsins er MS-félag Íslands fta. (The MS-Society of Iceland). Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík. Félagið starfar samkvæmt lögum nr. 110/2021 um félög til almannaheilla. Félagið er aðili að Öryrkjabandalagi Íslands (ÖBÍ) svo og alþjóðlegum samtökum MS-félaga.
2. grein	2. grein
Markmið félagsins er að vinna að velferð þeirra sem haldnir eru MS-sjúkdómnum með því að veita þeim og aðstandendum þeirra stuðning og stuðla að öflugri félags- og fræðslustarfsemi. Félagið er málsvari félagsmanna gagnvart hinu opinbera og öðrum aðilum.	Tilgangur félagsins er að vinna að velferð fólks sem haldið er MS-sjúkdómnum með því að veita því og aðstandendum þess stuðning og stuðla að öflugri félags- og fræðslustarfsemi. Félagið er málsvari félaga gagnvart hinu opinbera og öðrum aðilum.
3. grein	3. grein
Félagar geta verið fólk með MS-sjúkdóminn, aðstandendur þess og aðrir sem áhuga hafa á málefnum félagsins.	Félagar geta verið fólk með MS-sjúkdóminn, aðstandendur þess og önnur sem áhuga hafa á málefnum félagsins. Ákvörðun um félagsaðild samkvæmt umsókn þar um er að öllu jöfnu í höndum starfsfólks félagsins.
	Félagar bera ekki persónulega ábyrgð á skuldum eða öðrum skuldbindingum félagsins nema með félagsgjaldi sínu.
4. grein	4. grein

Félagið aflar tekna með árgjöldum félagsmanna, gjöfum og styrkjum sem því kann að áskotnast.	Félagið aflar tekna með árgjöldum félaga, gjöfum og styrkjum sem því kann að áskotnast ásamt sölu á vörum og þjónustu. Tekjur félagsins renna til almennrar félagsstarfsemi, fræðslu, stuðnings, reksturs og hagsmunagæslu.
5. grein	5. grein
Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins og skal hann haldinn eigi síðar en í október ár hvert. Aðalfundur er löglegur sé til hans boðað bréflaga og/eða með auglýsingu í dagblöðum með í það minnsta tveggja vikna fyrirvara og skal dagskrá aðalfundar tilgreind í fundarboði. Framboð til stjórnar og nefnda skal tilkynna til skrifstofu eigi síðar en viku fyrir aðalfund.	Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins og skal hann haldinn innan sex mánaða frá lokum reikningsárs ár hvert. Aðalfundur er löglegur sé til hans boðað með sannanlegum hætti með í það minnsta tveggja vikna fyrirvara og skal dagskrá aðalfundar tilgreind í fundarboði. Framboð til stjórnar og nefnda skal tilkynna til skrifstofu eigi síðar en viku fyrir aðalfund.
Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa þeir sem eru skráðir í félagið eigi síðar en viku fyrir aðalfund og hafa greitt árgjald til félagsins. Hver atkvæðisbær félagsmaður hefur eitt atkvæði og ræður afl atkvæða úrslitum mála, nema annars sé getið í lögum félagsins.	Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa félagar sem eru skráðir í félagið eigi síðar en viku fyrir aðalfund og hafa greitt árgjald til félagsins. Hver atkvæðisbær félagi hefur eitt atkvæði og ræður afl atkvæða úrslitum mála, nema annars sé getið í lögum félagsins.
6. grein	6. grein
Á aðalfundi skulu þessi mál tekin til meðferðar:	Á aðalfundi skulu þessi mál tekin til meðferðar:
a) Kosning fundarstjóra og fundarritara.	a) Kosning fundarstjóra og fundarritara.
b) Skýrsla stjórnar.	b) Skýrsla stjórnar.
c) Endurskoðaðir ársreikningar félagsins lagðir fram.	c) Endurskoðaðir ársreikningar félagsins lagðir fram.
d) Umræður og afgreiðsla á skýrslu stjórnar og ársreikningum.	d) Umræður og afgreiðsla á skýrslu stjórnar og ársreikningum.
e) Upphæð árgjalds ákveðin.	e) Upphæð árgjalds ákveðin.
f) Lagabreytingar.	f) Lagabreytingar.
g) Kosning stjórnar, fyrsta og annars varastjórnarmanns.	g) Kosning stjórnar, fyrsta og annars varastjórnarmanns.
h) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og skal annar þeirra vera löggiltur endurskoðandi.	h) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og skal annar þeirra vera löggiltur endurskoðandi.

i) Kosning aðalfundarfulltrúa og varamanna á aðalfund ÖBÍ skv. lögum ÖBÍ.	i) Kosning aðalfundarfulltrúa og varamanna á aðalfund ÖBÍ skv. lögum ÖBÍ.
j) Kosning nefnda.	j) Kosning nefnda.
k) Önnur mál.	k) Önnur mál
7. grein	7. grein
Boða skal til aukaaðalfundar svo fljótt sem auðið er ef meirihluti stjórnar eða a.m.k. fjórðungur félagsmanna fer fram á það skriflega og leggur fram tillögu að dagskrá.	Boða skal til aukaaðalfundar svo fljótt sem auðið er ef meirihluti stjórnar eða a.m.k. tíundi hluti atkvæðisbærra félaga fer fram á það skriflega og leggur fram tillögu að dagskrá.
8. grein	8. grein
Lögum félagsins má breyta á aðalfundi eða aukaaðalfundi með samþykki 2/3 hluta atkvæða. Tillögur til lagabreytinga skulu kynntar í fundarboði.	Lögum félagsins má breyta á aðalfundi eða aukaaðalfundi með samþykki 3/4 hluta greiddra atkvæða. Tillögur til lagabreytinga skulu kynntar í fundarboði.
9. grein	9. grein
Stjórn félagsins skipa 5 menn og 2 til vara; formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri, meðstjórnandi og tveir varamenn.	Stjórn félagsins skipa 5 menn og 2 til vara; formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri, meðstjórnandi og tveir varamenn.
Allir stjórnarmenn eru kosnir til tveggja ára. Tveir til þrír stjórnarmenn eru kosnir hverju sinni og einn varamaður.	Allir stjórnarmenn eru kosnir til tveggja ára. Tveir til þrír stjórnarmenn eru kosnir hverju sinni og einn varamaður.
Formaður er kosinn sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum.	Formaður er kosinn sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum.
10. grein	10. grein
Stjórnarseta skal ekki vara lengur en 8 ár samfleytt og verða menn kjörgengir á ný að ári. Fyrri stjórnarseta skerðir ekki formannstíð. Formaður skal að jafnaði ekki sitja lengur en 8 ár. Aðalfundi einum er heimilt að ákveða hvort greiða skuli stjórnarlaun.	Stjórnarseta skal ekki vara lengur en 8 ár samfleytt og verður fólk kjörgengt á ný að ári. Fyrri stjórnarseta skerðir ekki formannstíð. Formaður skal að jafnaði ekki sitja lengur en 8 ár. Aðalfundi einum er heimilt að ákveða hvort greiða skuli stjórnarlaun.

11. grein	11. grein
Stjórnin ræður málefnum félagsins milli aðalfunda. Hún tekur nánari ákvarðanir um starfsemi þess þ.m.t. ráðningu framkvæmdastjóra og ber ábyrgð á fjárreiðum. Á grundvelli bókaðra samþykktá á stjórnarfundi getur hún skuldbundið félagið gagnvart öðrum aðilum og er undirskrift formanns og gjaldkera nægileg til þess. Stjórnin getur þó veitt einum eða fleirum sameiginlega prókúru fyrir félagið. Til meiriháttar ákvarðanatöku, svo sem kaup, byggingu eða sölu fasteigna, skal ávallt boða til félagsfundar og skal til hans boðað á sama hátt og til aðalfundar. Ræður afl atkvæða úrslitum á slíkum fundum.	Stjórnin ræður málefnum félagsins milli aðalfunda. Hún tekur nánari ákvarðanir um starfsemi þess þ.m.t. ráðningu framkvæmdastjóra og ber ábyrgð á fjárreiðum. Á grundvelli bókaðra samþykktá á stjórnarfundi getur hún skuldbundið félagið gagnvart öðrum aðilum og er undirskrift formanns og gjaldkera nægileg til þess. Stjórnin getur þó veitt einum eða fleirum sameiginlega prókúru fyrir félagið. Til meiriháttar ákvarðanatöku, svo sem kaupa, byggingu eða sölu fasteigna, skal ávallt boða til félagsfundar og skal til hans boðað á sama hátt og til aðalfundar. Ræður afl atkvæða úrslitum á slíkum fundum.
12. grein	12. grein
Formaður boðar til stjórnarfunda, sem halda skal svo oft sem þurfa þykir. Stjórnarfund skal einnig halda ef í það minnsta tveir stjórnarmenn krefjast þess. Stjórnarfundur er löglegur og ályktunarbær ef þrír stjórnarmenn eða varastjórnarmenn sækja fundinn hið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Gerðir stjórnarinnar skulu bókfærðar.	Formaður boðar til stjórnarfunda, sem halda skal svo oft sem þurfa þykir. Stjórnarfund skal einnig halda ef í það minnsta tveir stjórnarmenn krefjast þess. Stjórnarfundur er löglegur og ályktunarbær ef þrír stjórnarmenn eða varastjórnarmenn sækja fundinn hið fæsta. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Gerðir stjórnarinnar skulu bókfærðar.
13. grein	13. grein
Reikningsár félagsins er almanaksárið. Reikningarnir skulu endurskoðaðir af tveimur skoðunarmönnum sem aðalfundur kýs.	Reikningsár félagsins er almanaksárið. Reikningarnir skulu endurskoðaðir af tveimur skoðunarmönnum sem aðalfundur kýs til eins árs í senn og skal annar þeirra vera löggiltur endurskoðandi.
14. grein	14. grein
Komi fram tillaga um slit félagsins skal farið með hana eins og lagabreytingatillögu. Þó fæst hún eigi afgreidd nema a.m.k. fimmtungur félagsmanna mæti til aðalfundar. Ef ekki næst	Komi fram tillaga um slit félagsins skal farið með hana eins og lagabreytingatillögu. Þó fæst hún eigi afgreidd nema a.m.k. fimmtungur félaga mæti til aðalfundar. Ef ekki næst tilskilin

tilskilin fundarsókn skal boða til framhaldsaðalfundar um tillöguna innan mánaðar. Sá fundur getur afgreitt tillöguna án tillits til fjölda fundarmanna. Verði félagið lagt niður skal á sama fundi ráðstafa eignum þess í samræmi við tilgang félagsins.	fundarsókn skal boða til framhaldsaðalfundar um tillöguna innan mánaðar. Sá fundur getur afgreitt tillöguna án tillits til fjölda fundargesta. Verði félagið lagt niður skal á sama fundi ráðstafa eignum þess í samræmi við tilgang félagsins.
15. grein	15. grein
Þessi lög voru þannig samþykkt á aðalfundi MS-félagsins 9. maí 2015 og falla þá jafnframt eldri lög úr gildi.	Þessi lög voru þannig samþykkt á aðalfundi MS-félagsins 10. maí 2022 og taka gildi við skráningu félagsins í almannaheillafélagaskrá og falla þá jafnframt eldri lög úr gildi.